

Formanns pistill

Samheldin íþróttafjölskylda

Íþróttafélagið Höttur er stofnað árið 1974 í þeirri mynd sem það er í dag en saga Hattar nær allt til fyrstu daga Egilsstaða eða þegar Ungmennafélagið Höttur var stofnað 1952. Því má sjá að félagið í þeirri mynd sem það er í dag er ungt samanbúið við önnur félög á Íslandi. Aftur á móti hefur uppbygging félagsins verið hröð og mikil samhliða mikilli uppbyggingu og fjölgun íbúa á Fljótsdalshéraði.

Í dag eru starfandi 8 deildir innan félagsins sem gegna því hlutverki að starfrækja metnaðarfullt íþróttastarf í sinni grein, tvær nýjustu deildir félagsins, Taekowndo og Tennis- og badminton eru merki um stækkandi starf félagsins. Það framboð íþróttagreina fyrir börn og unglina á Fljótsdalshéraði má ekki taka sem sjálfsgöðum hlut í okkar litlu samfélögum þar sem óeigingjart starf margra foreldra og forráðamanna í að skipuleggja starf deilda er ómetanlegt framlag til að gera samfélagið okkar betra.

Það er okkar fyrsta hlutverk sem íþróttafélags að þroska getu barna og unglina til að taka þátt í samfélaginu og styðja við félagslegan þroska ásamt aukinni hreyfingu barna og unglina. Við eigum að búa til flottar og góðar fyrirmyndir í meistaraflokkum félagsins sem veita innblástur í hjarta og hug barna á svæðinu.

Höttur stendur fyrir mörgum viðburðum í okkar samfélagi á ári hverju en einn viðburð langar mig að nefna frá árinu 2012 en það var svokallaður Hattardagur þar sem félagið sem ein heild koma saman og stóð að verkefnum ásamt að kynna starfið. Með þessum degi var markmið félagsins að opna dyr fyrir almenning til að sjá og taka þátt í starfi félagsins ásamt því að njóta létttra veitinga á góðum degi. Þessi frumraun Hattardagsins heppnaðist fullkomlega að mínu mati og er það von mín að þessi dagur sé kominn til að vera hluti af skipulagi félagsins á hverju vori.

Á árinu 2012 hafa mörg afrek verið sett á sviði hinna ýmissa íþróttagreina bæði í barnaflokkum og ekki síður meistaraflokkum félagsins. Margir sterkir styrktaraðilar standa á bakvið starfið sem gerir þá sjálfboðavinnu sem fólk stendur í markvissara og betra. Þeim ber að þakka fyrir þeirra framlag ásamt öllum þeim sjálfboðaliðum sem byggja upp starf í þeim 8 deildum félagsins.

Áfram Höttur

Davíð Þór Sigurðarson

Formaður Íþróttafélagsins Hattar



Þrettándagleði Hattar og Fljótsdalshéraðs

Kyndlaganga **leggur af stað** frá íþróttamiðstöð **kl 17:15**. Gengið verður inn í Tjarnargarð og brenna tendruð **kl 17:30**.

Björgunarsveitin verður með sölu á kyndlum á staðnum, 600 kr stykkið.



Dagskrá í Tjarnargarði

Ávarp formanns Hattar

Karlakórinn Drífandi syngur jólaglag

Afhendingar íþróttamanna Hattar ársins 2012

Karlakórinn Drífandi syngur jólaglag

Flugeldasýning

Styrktaraðilar eru **Brúnás-Innréttingar, Hitaveita Egilsstaða og Fella, Landsbankinn og Mannvit**



Hattardagurinn 2012



Mynd af sjálfboðaliðum Hattardagsins 2012

Styrktaraðilar Hattar eru



1.tbl

Íþróttafélagið Höttur

Stofnað 1974



2. Árg

Fréttabréf aðalstjórnar

Desember 2012



Styrktarsamningur við Flugfélag Íslands

Flugfélag Íslands hefur gert styrktarsamning við Íþróttafélagið Hött til þriggja ára. Samningurinn mun renna styrkari stoðum undir starfsemi Hattar en félagið heldur úti mörgum flokkum sem krefjast ferðalaga innanlands. Samningurinn mun því nýtast félaginu vel en ferðakostnaður er einn stærsti útgjaldaliður margra deilda félagsins.

Flugfélag Íslands er því komið í hóp þeirra fyrirtækja sem hafa á undanförnum árum gert langtímasamninga við félagið og með því tryggt öruggari rekstur hinna ýmsu deilda félagsins en í dag eru starfandi 8 deildir innan félagsins. Samningurinn er gerður við aðalstjórn félagsins sem mun síðan vinna frekar með samninginn innan félagsins.

Það voru Davíð Þór Sigurðarson, formaður Hattar og Ingi Þór Guðmundsson, sólu og markaðsstjóri Flugfélag Íslands sem undirrituðu samninginn fyrir hönd félaganna tveggja.



Hattarvörur

Eitt af verkefnum aðalstjórnar Hattar árið 2012 var að koma upp samstarfsaðila í sölu á varningi merktum Hetti.

Í dag er hægt að kaupa ýmsar Hattarvörur hjá Topp hlutum á Egilsstöðum. Bæði er að hægt að fá fatnað merktum félaginu ásamt töskum og legghlífum.

Einnig munu vera til pennar, könnur, bílfánar, handklæði og margt fleira þegar líður á árið 2013.

Eitt af markmiðum félagsins eru að vera sýnilegt í samfélaginu og er því mikilvægt að félagið vinni að auknu framboði merktum vörum félagsins sem bjóðist öllum.

Samhliða þessu eru vörurnar nýttar sem fjáröflun fyrir deildir innan Hattar.

Þarna er tilvaldar gjafir fyrir ættingja og vini.